

Eldhraunsvötn.
Uppgjör 1996 og verkáætlun 1997

**Kristinn Einarsson
Freysteinn Sigurðsson**

Greinargerð KE-FS-97/01

- ELDHRAUNSVÖTN -
Uppgjör 1996 og verkáætlun 1997

1. VERKLOK Í ELDHRAUNI

Greinargerð þessi inniheldur uppgjör fyrir verk ársins 1996 og áætlun fyrir árið 1997 við rannsóknir Eldhraunsvatna í Skaftárhreppi. Sett er fram tilboð um fast verð fyrir verk á árinu 1997, sem þegar eru samþykkt og einnig fyrir áætluð verk, og er upphæð þess kr. 2.078.389 án VSK, eða kr. 2.587.594 með VSK. Þar af fara kr. 639.659 án VSK (31 %) til að ljúka skýrslu um rannsóknirnar og kr. 1.438.730 án VSK (69 %) í rekstur núverandi vöktunarkerfis til ársloka 1997. Möguleg aukaverk, sem verkkaupi kann að óska eftir, greiðist skv. samkomulagi hverju sinni.

Vatnamælingar Orkustofnunar og Vegagerð ríkisins vinni að því sameiginlega á árinu 1997 að kanna áhuga hagsmunaaðila á því, að áfram sé rekið eftirlitskerfi til umhverfisvöktunar á rannsóknarsvæðinu, með umfangi sem ákveðst á grundvelli þeirra niðurstaðna sem skýrsla um rannsóknir undanfarinna ára leiðir í ljós.

2. ÁÆTLUN OG UPPGJÖR 1996

Nú liggja fyrir upplýsingar um skráða vinnu ársins 1996 til áramóta. Vinna þessi skiptist í tvennt, vinnu að skýrslugerð skv. áður samþykktri áætlun að upphæð kr. 1.184.647 án VSK og vinnu við lágmarksrannsóknir til að vöktun félli ekki niður á árinu 1996, (sem verkkaupi hafði áður sagt sig frá, en lágmarksáætlun tók gildi þegar hann óskaði upplýsinga á grundvelli þessarar vöktunar á árinu 1996). Þessi lágmarksáætlun um vöktun ársins 1996 var að upphæð kr. 759.164 án VSK. Útistandandi reikningar vegna vinnu til ársloka 1996 eru kr. 308.683 án VSK.

2.1 Skýrslugerð 1996

Skráð vinna við skýrslugerð á árinu 1996 var að upphæð kr. 557.530 án VSK (þegar útsendir reikningar kr. 348.583 án VSK, en útistandandi kr. 208.947 án VSK). Eftir stendur að vinna fyrir kr. 627.117 án VSK, á verðlagi í janúar 1996, sem færast yfir á árið 1997. Útseld vinna skv. gjaldskrá Orkustofnunar hefur hækkað um 2 % síðan í janúar 1996, og fært til sama verðlags og í áætlun fyrir 1997 standa eftir kr. 639.659 án VSK til að ljúka skýrslugerðinni fyrir 1. maí 1997.

2.2 Lágmarksrannsóknir 1996

Skráð vinna og útlagður kostnaður við lágmarksrannsóknir 1996 var að upphæð kr. 518.148 án VSK (þegar útsendir reikningar kr. 418.412 án VSK, en útistandandi kr. 99.736 án VSK). Skráður kostnaður var 241.016 kr. án VSK lægri en áætlun gerði ráð fyrir, og skýrist það fyrst og fremst af því, að í reynd skráðu menn sem minnstan vinnutíma á þetta verknúmer, þar sem mælakerfið var í algjörrri óvissu. Þessa nýtur verkkaupi nú.

3. GAGNASÖFNUN 1997

REKSTRARKOSTNAÐUR VHM 1997

(Vhm í Tungulæk, Eldvatni og neðar í Grenlæk)

Leiga vhm m.v. 5 ára afskriftartíma	2 stk. @ 39.500	79.000
Viðhald og eftirlit	80 klst. @ 3.124	249.920
Rennslismælingar	60 klst. @ 3.124	187.440
Bíll, sérbúinn	6 dagar @ 13.212	79.272
Upphald	12 dagar @ 7.975	95.700
Úrvinnsla og gagnageymsla án uppfyllingar á töpuðum gögnum.....	60 klst. @ 3.124	187.440
Úrvinnsla rennslismælinga	51 klst. @ 3.124	159.324
Móttaka og skráning gagna v/kvarða.....	24 klst. @ 3.124	74.976
Samtals án VSK		1.113.072

EFTIRLIT 1997

Mæliferð 6 sinnum á ári

Efnagreiningar, súlfat og klór	37 sýni @ 3.836	141.932
Móttaka og skráning mæligagna og efnasýna ...	24 klst. @ 3.124	74.976
Verkefnisstjórn.....	30 klst. @ 3.625	108.750
Samtals án VSK		325.658

ÁÆTLUN 1997 án VSK.....

1.438.730

Sem áður er gert ráð fyrir, að Skaftárhreppur annist á sinn kostnað nauðsynlega kvarðaá-lestra, mælingar á vatnshita, leiðni og sýrustigi, svo og töku sýna til efnagreininga.

Verðlagsforsendur eru skv. gildandi gjaldskrá Orkustofnunar í sept. – des. 1996.

SKRÁ UM GREINARGERÐIR OG FRAMVINDUSKÝRSLUR

Kristinn Einarsson og Freysteinn Sigurðsson 1993: *Eldhraunsvötn. Viðfangsefni og staða rannsóknna*. Orkustofnun, greinargerð KE/FS-93/02, 8 s.

Kristinn Einarsson og Freysteinn Sigurðsson 1994a: *Eldhraunsvötn. Staða rannsókna í október 1994 og framhald þeirra*. Orkustofnun, greinargerð KE/FS-94/04, 4 s.

Kristinn Einarsson og Freysteinn Sigurðsson 1994b: *Eldhraunsvötn. Endurskoðuð verkáætlun 1995-1997*. Orkustofnun, greinargerð KE/FS-94/05, 3 s.

Kristinn Einarsson og Freysteinn Sigurðsson 1995: *Eldhraunsvötn. Staða rannsókna í október 1995 og verkáætlun 1996-98*. Orkustofnun, greinargerð KE/FS-95/06, 5 s.

Kristinn Einarsson og Freysteinn Sigurðsson 1996: *Eldhraunsvötn. Uppgjör 1995 og endurskoðuð verkáætlun 1996*. Orkustofnun, greinargerð KE/FS-96/01, 4. s.

Snorri Zóphóníasson, 1994: *Rennsli Skaftár og samband þess við lindarennslu. Framvinduskýrsla*. Orkustofnun OS-94037/06B, 7 s. + myndir